

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 637/2009

2010/EES/71/26

frá 22. júlí 2009

um setningu framkvæmdarreglna um heppileika nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 9. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu matjurtafræs ⁽²⁾, einkum 6. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000 frá 4. maí 2000 um setningu framkvæmdarákvæða um hvort nafngiftir eigi við um yrki af tegundum nytjajurta í landbúnaði og tegundum matjurta ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.
- 2) Með tilskipunum 2002/53/EB og 2002/55/EB hafa verið settar almennar reglur um heppileika heita á yrkjum með vísun til 63. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994 um tilkall til plöntuyrkja í Bandalaginu ⁽⁵⁾.
- 3) Að því er varðar beitingu tilskipana 2002/53/EB og 2002/55/EB þykir rétt að setja ítarlegar reglur um beitingu þeirra viðmiðana sem kveðið er á um í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94, einkum varðandi hindranir á því að festa heiti á tilteknu yrki eins og tilgreint er í 3. og 4 mgr. reglugerðarinnar. Til að byrja með skal takmarka þessar ítarlegu reglur við eftirtaldir hindranir:
 - notkun er útilokuð vegna eldri réttar þriðja aðila,
 - erfðleikar við það að þekkja heitin eða endurmiðla þeim,
 - heiti eru nákvæmlega eins eða hægt er að rugla heiti saman við heiti annars yrkis,

- heiti eru nákvæmlega eins eða hægt er að rugla þeim saman við önnur heiti,
- heiti eru villandi eða þau skapa rugling um eiginleika yrkisins eða önnur einkenni þess.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Til að auðvelda beitingu fyrstu undirgreinar 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/53/EB og fyrstu undirgreinar 6. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/55/EB eru með þessari reglugerð settar nákvæmar reglur um beitingu tiltekinna viðmiðana sem eru settar fram í 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 um tilkall til plöntuyrkja í Bandalaginu.

2. gr.

1. Ef þriðji aðili á eldri rétt á vörumerki skal litið svo á að notkun yrkisheitis á yfirráðasvæði Bandalagsins sé útilokuð þegar lögbæru yfirvaldi hefur verið tilkynnt um vörumerki, sem er skráð í einu eða fleiri aðildarríkjum eða á vettvangi Bandalagsins áður en heiti yrkisins er samþykkt og er alveg eins eða líkt heiti yrkisins og skráð í tengslum við vörur sem eru alveg eins eða líkar viðkomandi plöntuyrki.

2. Þegar um er að ræða landfræðilega merkingu eða upprunatáknun landbúnaðarafurða og matvæla, þar sem þriðji aðili á eldri rétt, telst það hindrun á notkun yrkisheitis innan yfirráðasvæðis Bandalagsins ef heitið telst brjóta gegn 13. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 510/2006 ⁽⁶⁾ að því er varðar landfræðilega merkingu eða upprunatáknun sem er vernduð í aðildarríki eða Bandalaginu skv. 3. gr. (3. mgr.), 5. gr. (annari undirgrein 4. mgr. og 6. mgr.) 6. gr. og 7. gr. (4. mgr.) þeirrar reglugerðar eða þáverandi 17. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2081/92 ⁽⁷⁾ þegar um er að ræða vörur sem eru nákvæmlega eins og viðkomandi plöntuyrki eða svipaðar því.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 108, 5.5.2000, bls. 3.

⁽⁴⁾ Sjá II. viðauka.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 93, 31.3.2006, bls. 12.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 208, 24.7.1992, bls. 1.

3. Hindrun, sem rýrir heppileika heitis vegna eldri réttar sem um getur í 2. mgr., telst ekki lengur vera fyrir hendi ef fengist hefur skriflegt samþykki frá handhafa eldri réttarins fyrir notkun heitisins með tilliti til yrkisins, að því tilskildu að slíkt samþykki sé ekki til þess fallið að valda ruglingi meðal almennings hvað varðar raunverulegan uppruna afurðarinnar.

4. Ef umsækjandi á eldri rétt á öllu eða hluta af tillögðu heiti skal 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 gilda að breyttu breytanda.

3. gr.

1. Yrkisheiti telst valda notendum þess erfðleikum við að þekkja þau eða endurmiðla þeim í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar það er „glysheiti“ sem:

- i. er einn bókstafur,
- ii. er, eða felur í sér sem aðskilda einingu, röð bókstafa sem mynda orð sem ekki er hægt að bera fram á opinberu tungumáli Bandalagsins; ef þessi röð er á hinn bóginn viðurkennd skammstöfun, skal þessi viðurkennda skammstöfun að hámarki vera tvær samstæður sem eru allt að þrjú bókstafir hvor um sig, hvor á sínum enda heitisins,
- iii. í er tala, nema þegar hún er óaðskiljanlegur hluti af heitinu eða hún gefi til kynna að yrkið sé eða verði hluti af tölusettri röð yrkja sem eru tengd vegna kynblöndunarsögu þeirra,
- iv. í eru fleiri en þrjú orð eða einingar, nema orðanna hljóðan geri það auðþekktanlegt eða auðvelt verði að endurmiðla því,
- v. er eða sem í er óhóflega langt orð eða eining,
- vi. inniheldur greinarmerki eða annað tákn, blöndu af hástöfum og lágstöfum (nema þegar fyrsti bókstafurinn er hástafur og það sem eftir er af heitinu eru lágstafir), upp- eða niðurskrifað tákn eða mynstur,

b) þegar það er „kóði“ sem:

- i. er eingöngu tölustafur eða tölustafir, nema um sé að ræða skyldleikaræktaðar línur eða samsvarandi sérstakar gerðir af yrki,
- ii. er einn bókstafur,
- iii. í eru fleiri en tíu bókstafir, eða bókstafir og tölustafir,
- iv. í því eru fleiri en fjórar breytilegar samstæður bókstafa eða bókstafa og tölustafa eða tölustafa,

v. í því er greinarmerki eða annað merki eða upp- eða niðurskrifað tákn eða mynstur.

2. Þegar umsækjandi leggur fram tillögu að heiti yrkis skal hann tilgreina hvort tillagða heitið á að vera „glysheiti“ eða „kóði“.

3. Ef umsækjandinn gefur enga yfirlýsingu um tillagða heitið skal það teljast „glysheiti“.

4. gr.

Þegar verið er að meta hvort heiti sé nákvæmlega eins og heiti annars yrkis eða hvort þeim verði ruglað saman skal eftirfarandi gilda:

a) „hægt að rugla saman við“ telst m.a. ná yfir heiti yrkis þar sem aðeins munar einum bókstaf eða rittáknum yfir bókstöfum í tengslum við heiti yrkis af náskyldri tegund, sem hefur verið viðurkennt opinberlega til markaðssetningar í Bandalaginu, á Evrópska efnahagssvæðinu eða í einhverju ríkjanna sem er samningsaðili að alþjóðasamningnum um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) eða fellur undir yrkisvernd á þessum yfirráðasvæðum. Munur, sem er aðeins einn bókstafur í viðurkenndri skammstöfun og er aðskilin eining í heiti yrkis, skal þó ekki teljast leiða til ruglings. Ef bókstafurinn, sem muninum veldur, er áberandi þannig að heitið verður greinilega frábrugðið þegar skráðum yrkisheitum skal það heldur ekki teljast leiða til ruglings. Ef munurinn er tveir bókstafir eða fleiri skal það ekki teljast leiða til ruglings, nema þegar tveimur bókstöfum er einfaldlega víxlað. Þegar munar einum tölustaf á tölum (þegar tölur eru leyfðar í glysheiti) skal það ekki teljast leiða til ruglings.

Með fyrirvara um 6. gr. skal fyrsta undirgrein ekki gilda um heiti yrkis sem er kóði ef hitt heitið, sem vísað er til, er einnig á formi kóða. Þegar um er að ræða kóða skal munur, sem nemur einu tákni eða einum bókstaf eða tölustaf, teljast fullnægjandi til að greina á milli tveggja kóða. Eyður skal hunsna þegar heiti á formi kóða eru borin saman,

b) orðalagið „náskyldar tegundir“ skal hafa þá merkingu sem skilgreind er í I. viðauka,

c) „yrki sem er ekki lengur til“ telst vera yrki sem er ekki lengur til sölu,

d) „opinber skrá yfir plöntuyrki“ skal teljast vísun í sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða yrki grænmetistegunda, eða einhverja aðra skrá sem er tekin saman og haldin á skrifstofunni fyrir plöntuyrki í Bandalaginu eða opinberri stofnun aðildarríkja Bandalagsins eða Evrópska efnahagssvæðisins, eða einhverju ríkjanna sem er samningsaðili að alþjóðasamningnum um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV),

- e) orðalagið „yrki með heiti sem hefur ekki lengur neina sérstaka merkingu“ er notað þegar heiti yrkis, sem hefur einhvern tíma verið fært í opinbera skrá yfir plöntuyrki og þar með öðlast sérstaka merkingu, telst hafa glatað þessari sérstöku merkingu þegar liðin eru tíu ár frá því að því var eytt úr skránni.

5. gr.

Heiti, sem algengt er að nota við setningu vara á markað eða verður að halda fráteknum samkvæmt annarri löggjöf, eru einkum:

- a) heiti gjaldmiðils eða hugtök sem hafa tengingu við mál og vog,
b) orðalag sem vegna löggjafar má ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem fyrirhugaður er með viðkomandi löggjöf.

6. gr.

Heiti yrkis telst vera villandi eða valda ruglingi ef:

- a) það gefur ranglega til kynna að yrkið hafi tiltekna eiginleika eða tiltekið gildi,
b) það gefur ranglega til kynna að yrkið sé skylt öðru tilteknu yrki eða leitt af því,
c) það vísar til tiltekinnar eiginleika eða tiltekins gildis þannig að það gefur ranglega til kynna að einungis þetta yrki, sem heitið á við um, hafi slíkt til að bera þegar raunin er sú að önnur yrki af sömu tegund kunna að búa yfir sömu eiginleikum eða hafa sama gildi,
d) það líkist vel þekktu vöruheiti, öðru en skráða vörumerkinu eða öðru yrkisheiti, þannig að ætla má að um annað yrki sé að ræða eða líklegt er að heitið gefi ranga hugmynd um það hver umsækjandinn er, um þann sem sér um að viðhalda yrkinu eða þann sem kynbætir það,

- e) það er samsett úr eða í því er:

- i. orð í miðstigi eða efsta stigi,
ii. grasafræðiheitið eða almennt heiti á tegund sem er annaðhvort í hópi plöntutegunda í landbúnaði eða grænmetistegunda, sem yrkið tilheyrir,
iii. heiti einstaklings eða lögaðila, eða tilvísun til slíks, sem gefur ranga hugmynd um það hver umsækjandinn er, um þann sem sér um að viðhalda yrkinu eða þann sem kynbætir það,
f) í því er landfræðilegt heiti sem telja má líklegt til að villa um fyrir almenningi hvað varðar eiginleika eða gildi yrkisins.

7. gr.

Ef heiti yrkis hafa verið viðurkennd á formi kóða skal það koma skýrt fram í viðkomandi, opinberri skrá eða skrár aðildarríkjanna yfir opinberlega viðurkennd plöntuyrki, eða í sameiginlegri, viðkomandi skrá, með því að setja neðanmálsgrein með eftirfarandi skýringu: „heiti yrkis sem er viðurkennt á formi kóða“.

8. gr.

Reglugerð (EB) nr. 930/2000 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

9. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um yrkisheiti sem umsækjandi hefur lagt fyrir lögbært yfirvald til samþykkis fyrir 25. maí 2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

NÁSKYLDAR TEGUNDIR

Að því er varðar skilgreiningu á „náskyldum tegundum“, sem um getur í b-lið 4. gr., gildir eftirfarandi:

- ef fleiri en einn flokkur er innan ættkvíslar gildir skráin yfir flokka í 1. lið,
- ef flokkar ná yfir fleiri en eina ættkvísl gildir skráin yfir flokka í 2. lið,
- almennt er lítið svo á, að því er varðar ættkvíslir og tegundir, sem ekki er að finna á skráum yfir flokka í 1. og 2. lið, að ættkvísl teljist flokkur.

1. Flokkar innan ættkvíslar

Flokkar	Visindaheiti
Flokkur 1.1	<i>Brassica oleracea</i>
Flokkur 1.2	<i>Brassica</i> , þó ekki <i>Brassica oleracea</i>
Flokkur 2.1	<i>Beta vulgaris</i> — sykkurrófa, fódursykkurrófa
Flokkur 2.2	<i>Beta vulgaris</i> — rauðrófa, þ.m.t. Cheltenham-rófa (Cheltenham beet), blaðbeðja
Flokkur 2.3	<i>Beta</i> , þó ekki flokkar 2.1 og 2.2
Flokkur 3.1	<i>Cucumis sativus</i>
Flokkur 3.2	<i>Cucumis melo</i>
Flokkur 3.3	<i>Cucumis</i> , þó ekki flokkar 3.1 og 3.2
Flokkur 4.1	<i>Solanum tuberosum</i>
Flokkur 4.2	<i>Solanum</i> , þó ekki flokkur 4.1

2. Flokkar sem ná yfir fleiri en eina ættkvísl

Flokkar	Visindaheiti
Flokkur 201	<i>Secale, Triticale, Triticum</i>
Flokkur 203 (*)	<i>Agrostis, Dactylis, Festuca, Festulolium, Lolium, Phalaris, Phleum</i> og <i>Poa</i>
Flokkur 204 (*)	<i>Lotus, Medicago, Ornithopus, Onobrychis, Trifolium</i>
Flokkur 205	<i>Cichorium, Lactuca</i>

(*) Flokkar 203 og 204 eru ekki eingöngu stofnaðir á grundvelli náskyldra tegunda.

*II. VIÐAUKI***Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari breytingar hennar**

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000	(Stjtið. EB L 108, 5.5.2000, bls. 3)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1831/2004	(Stjtið. ESB L 321, 22.10.2004, bls. 29)
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 920/2007	(Stjtið. ESB L 201, 2.8.2007, bls. 3)

*III. VIÐAUKI***Samsvörunartafla**

Reglugerð (EB) nr. 930/2000	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
a-liður 5. gr.	a-liður 5. gr.
c-liður 5. gr.	b-liður 5. gr.
a- til d-liður 6. gr.	a- til d-liður 6. gr.
i. og ii. liður e-liðar 6. gr.	i. og ii. liður e-liðar 6. gr.
iv. liður e-liðar 6. gr.	iii. liður e-liðar 6. gr.
f-liður 6. gr.	f-liður 6. gr.
7. gr.	7. gr.
—	8. gr.
8. gr.	9. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. og III. viðauki